

æskilegt er að bjóða þeim að taka með sér það dót sem þau vilja með sér á sjúkrahúsið.

Hægt að byrja að undirbúa barn á skólaaldri einni til tveimur vikum fyrir heimsókn / innlögn á sjúkrahús.

Mælt er með að útskýrt sé fyrir þeim hvað sjúkrahús er, hvað standi til að gera og hvers vegna. Fyrir þennan aldur hentar líka vel að lesa bækur um börn sem fara á sjúkrahús.



Hjartaþræðing

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum, svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali - háskólasjúkrahús er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Hægt er að hafa samband við
Barnspítala Hringurinn
í síma 543-1000

Höfundur:
Bára Sigurjónsdóttir
Sérfræðingur í hjúkrun langveikra og hjartveikra barna á LSH

Barnspítala Hringurinn

Október 2006

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BARNASVIÐ

HÖNNUN: GAGNASMIÐJA/AV
LJÓSMYND: VIGFÚS BIRGISSON



Hjartaþræðing

Undirbúningur barns fyrir hjartaþræðingu fer talsvert eftir aldri barnsins sem á í hlut (sjá upplýsingar aftar í þessum bæklingi). Foreldrar þurfa að koma með barnið í undirbúningsrannsóknir á göngudeildina 2 dögum fyrir þræðinguna. Þar tekur hjúkrunarfræðingur á móti ykkur og segir ykkur í hverju undirbúningurinn felst og fylgir ykkur í gegnum nokkrar undirbúningsrannsóknir. Þá eru teknar blóðprufur, hjartalínurit og röntgen mynd af hjarta og lungum og ef með þarf er gerð hjartaómskoðun. Daginn sem barnið á að fara í þræðingu þarf að koma með barnið fastandi á tilsettum tíma sem ykkur verður gefin upp. Þið mætið á dagdeildina / barnaskurðeildina og barnið fer í fatnað frá spítalanum. Síðan er ykkur fylgt á undirbúningsherbergi fyrir svæfingar.

Hjartaþræðing er umfangsmikil rannsókn sem tekið getur talsverðan tíma. Hjartaþræðing er annað hvort gerð í svæfingu eða að barnið fær róandi lyf. Barnið þarf þó alltaf að vera daglangt á spítala og einstaka sinnum þarf barnið að vera yfir nótt. Þræðingin sjálf tekur oftast um 1 til 3 klst. Foreldrar geta ekki verið viðstaddir þessa rannsókn.

Eftir þræðinguna

Vel er fylgst með barninu fyrstu klukkustundirnar eftir þræðinguna. Eftir þræðinguna er barnið með þrýstingsumbúðir yfir stungustaðnum í náranum til að hindra blæðingu frá stungustað. Lífsmörk eru könnuð reglulega og fylgst með stungustaðnum og blóðflæðinu í fætinum sem stungið var í. Nánar tiltekið með púls, hitastigi og húðlit. Barnið þarf að vera á legu í 4 til 6 klst eftir þræðinguna og þarf síðan að hafa hægt um sig næsta sólarhringinn. Oftast fær barnið að fara heim samdægurs, þó þarf það stundum að vera yfir nótt ef um frekara inngríp hefur verið að ræða í þræðingunni (blásning, víkkun). Þegar barnið er vel vaknað fær það að drekka tæran vöka og ef það gengur vel fær það að borða fljótlega eftir það.

Heimferð:

Forðast ber að ganga langa leið og allann hamagang í sólarhringinn eftir þræðinguna. Börn geta fengið vægan hita og flensueinkenni að kvöldi rannsóknardagsins og mælum við með að þeim sé gefið Parasetamól. Barnið má ekki fara í bað eða sund fyrstu 2 til 3 dagana eftir þræðinguna meðan stungustaðurinn er að gróa, en barnið getur farið í sturtu.

Undirbúningur

Undirbúningur barna fyrir rannsóknir fer að miklu leyti eftir aldri barnsins sem á í hlut hverju sinni.

Við hvetjum foreldra til að spyrja okkur hvaða spurninga sem er, því allar ykkar spurningar eru mikilvægar í okkar huga. Það er markmið starfsfólks spítalans að rannsóknir sem gerðar eru á börnum gangi sem best fyrir sig og valdi þeim sem minnstu álagi, sem og að fá eins nákvæmar niðurstöður úr rannsóknunum og hægt er. Því er góð samvinna milli foreldra og þeirra sem framkvæma rannsóknirnar mjög mikilvægt.

Eins og áður sagði fer undirbúningur barns fyrir rannsókn eftir aldri barnsins sem á í hlut. Fyrir yngstu börnin (0-2 ára) er ráðlagt að taka með eitthvað kunnulegt að heiman eins og leikfang eða teppi.

Börnum á aldrinum 2 til 5 ára er hægt að segja daginn áður að þau séu að fara á spítalann á morgun til að láta skoða hjartað. Gott er að bjóða þeim að velja hvað þau vilji taka með sér til dæmis uppáhaldsdeísþólu eða tónlist, bangsann sinn eða önnur uppáhaldsleikföng.

Börn á forskólaaldri (5 til 6 ára) er hægt að byrja að undirbúa með 2ja til 3ja daga fyrirvara. Byrja á því að segja þeim frá hvað spítali er og gott getur verið að lesa fyrir þau bækur sem segja frá börnum sem hafa farið á sjúkrahús. Það sama gildir fyrir þennan aldur að